



HRUNAMANNAHREPPUR

3. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 8. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. SEPTEMBER 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 2. september kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir mál varðandi leit að nýjum sorpurðunarstað á Suðurlandi. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Dagskrá

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fulltrúar á ársþing SASS. Kjörbréf.
2. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
3. Samningur um þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðra.
4. Heilsuþorp á Flúðum. Sameiginleg yfirlýsing Hrunamannahrepps og Umhverfissráðuneytis.
5. Matís. Samningur milli MATÍS og sveitarfélaga í uppsveitum vegna Matarsmiðju.
6. Minnisblað vegna félagsþjónustu Uppsveita Árnæssýslu og Flóa.
7. Matvælastofnun. Samræming á smölun milli Hvítár og Þjórsár.
8. Framkvæmdir við Heimaland.
9. Framkvæmdir vegna aðgengis- og umferðaröryggismála á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. Veitustjórn: 2. fundur stjórnar frá 23. ágúst s.l.
11. Veitustjórn: 3. fundur stjórnar frá 30. ágúst s.l. Liggur frammi á fundinum.
12. Landbúnaðarnefnd: 2. fundur nefndar frá 23. ágúst s.l.
13. Fræðslunefnd: 1. fundur nefndar v/Flúðaskóla frá 6. júlí s.l.
14. Fræðslunefnd: 2. fundur nefndar v/Flúðaskóla frá 25. ágúst s.l.
15. Fræðslunefnd: 1. Fundur nefndar v/Leikskóla frá 25. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps.

16. 26. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 12. ágúst s.l. og 48. og 49. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 15. júlí og 28. júlí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 435 stjórnarfundar 13. ágúst sl.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 122. stjórnarfundar 17. ágúst s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 123. stjórnarfundar 24. ágúst s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 192. stjórnarfundar frá 20. ágúst sl.
- e. Héraðsnefnd Árnæsinga: Fundargerð 52. fundar 20. júlí sl.
- f. Héraðsráð: Fundargerð 167. fundar 4. ágúst sl.
- g. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 294. stjórnarfundar 16. ágúst s.l.
- h. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 128. Stjórnarfundar 19. ágúst s.l.

Kynningarmál:

- i. Vegagerðaráttak landbúnaðarnefndar og gátlisti yfir ástand afréttarskála.
- j. Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytið: Tillögur um breytingar á gildandi lögum og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð. Skýrsla á vef ráðuneytisins.

- k. Yfirlýsing Hrunamannahrepps vegna Heilsuþorps á Flúðum.
- l. Upplýsingar um styrk frá Vegagerðinni vegna afréttavega.
Skýrsla á skrifstofu
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2009.
- n. Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 2009.
- o. Ársskýrsla Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi 2009.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fulltrúar á ársþingi SASS. Kjörbréf.
Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á ársþingi SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson en til vara Unnsteinn Eggertsson og Esther Guðjónsdóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.
2. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps.
Oddviti kynnti ákvæði 16. gr. laga nr. 73/1997 skipulags- og byggingarlaga að sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum að meta hvort ástæða sé til að endurskoða í heild aðalskipulag sveitarfélagsins. Hreppsnefnd telur að svo stöddu ekki ástæðu til þess.
3. Samningur um þjónustusvæði Suðurlands um málefni fatlaðra.
Oddviti kynnti samninginn. Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í sameiginlegu þjónustusvæði á Suðurlandi um málefni fatlaðra og felur oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
4. Heilsuþorp á Flúðum. Sameiginleg yfirlýsing Hrunamannahrepps og Umhverfisráðuneytis.
Oddviti kynnti sameiginlega yfirlýsingu Umhverfisráðuneytisins og hreppsins varðandi Heilsuþorp á Flúðum. Hreppsnefnd felur Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra að undirrita yfirlýsinguna fyrir hönd sveitarfélagsins.
5. Matis. Samningur milli MATÍS og sveitarfélaga í uppsveitum vegna Matarsmiðju.
Oddviti kynnti samninginn. Samningurinn felur í sér stuðning sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu út árið 2013 við verkefnið og felur í sér að hlutur Hrunamannahrepps verður 30%. Hreppsnefnd felur oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.
6. Minnisblað vegna félagsþjónustu Uppsveita Árnassýslu og Flóa.
Oddviti kynnti minnisblað vegna fundar oddvita Uppsveita Árnassýslu og Flóa frá 13 ágúst s.l. vegna félagsþjónustusvæðis þar sem rætt er um möguleika á að stækka það. Hreppsnefnd staðfestir minnisblaðið og felur oddvita að vinna áfram að málinu.
7. Matvælastofnun. Samræming á smölun milli Hvítár og Þjórsár.
Oddviti kynnti enn reglur Matvælastofnunar á samræmingu á smölun milli Hvítár og Þjórsár frá 16. júlí og reglugerðarákvæði sem um málið fjalla. Landbúnaðarnefnd hefur fjallað aftur um málið. Hreppsnefnd samþykkir tillögu MAST um samræmingu á smölun milli Hvítár og Þjórsár og slátrun á fjár sem smithætta kann að stafa af.
8. Framkvæmdir við Heimaland. Oddviti kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir við Heimaland. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga til samninga um verkið. Gera þarf ráð fyrir kostnaði í endurskoðaðri fjárhagsáætlun.
9. Framkvæmdir vegna aðgengis- og umferðaröryggismála á Flúðum.
Oddviti kynnti þær framkvæmdir sem standa yfir og sem fyrirhugaðar eru vegna málsins af hálfu sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Gera þarf ráð fyrir kostnaði í endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. Veitustjórn: 2. fundur stjórnar frá 23. ágúst s.l.
Hannibal Kjartansson, veitustjóri mætir á fundinn undir lið 10 og 11.
Oddviti kynnti fundargerðina. Yfirtaka á Borgarás/Kjóabyggðarveitu rædd, álit veitustjórnar til skipulags og byggingarfulltrúa vegna veitumála í Götu,

umræða um fyrirhugað fiskeldi, kostnað o.fl. og viðhald á dæluhúsi við sundlaug. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

11. Veitustjórn: 3. fundur stjórnar frá 30. ágúst s.l. Liggur frammi á fundinum.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir gjaldskrármál varðandi væntanlegt fiskeldi. Hreppsnefnd felur oddvita, sveitarstjóra, veitustjóra og formanni veitustjórnar að vinna áfram að máluum á grundvelli umræðna á fundinum.

12. Landbúnaðarnefnd: 2. fundur nefndar frá 23. ágúst s.l.

Formaður landbúnaðarnefndar kynnti fundargerðina. Þar var raðað í leitir, farið yfir tillögur um samræmingu á smalamenskum, kynnt vegagerðarmál, eftirsafnið rætt og farið yfir ýmis mál sem þarf að ganga frá fyrir göngum. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

13. Fræðslunefnd: 1. fundur nefndar v/Flúðaskóla frá 6. júlí s.l.

Oddviti kynnti 1. fund nýrrar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var á dagskrá trúnaðarmál, kynning á störfum og hlutverki fræðslunefndar og ákvörðun um fundartíma. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

14. Fræðslunefnd: 2. fundur nefndar v/Flúðaskóla frá 25. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir skýrslu stjórnar, breytingar á skólaakstri, hlutverk fræðslunefndar og erindisbréf og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

15. Fræðslunefnd: 1. Fundur nefndar v/Leikskóla frá 25. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nýrrar fræðslunefndar vegna Undralands frá 25. ágúst. Lesin var skýrsla leikskólastjóra, þar sem sagt er frá berjaferðum barnanna, ART þjálfunarmódeli, vistunartímann milli 16-17, sérkennslu, og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

16. 26. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 12. ágúst s.l. og 48. og 49. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 15. júlí og 28. júlí s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 26. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 12. ágúst 2010 en þar er fjallað um 5 mál fyrir Hrunamannahrepp og eitt sameiginleg. Farið var yfir mál nr. 5, 48. og 49. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa en þar voru engin mál sem tengdust Hrunamannahreppi, mál nr. 6 þær vegna lífræns áburðar í Birtingarholti 4 sem var frestað, mál nr. 7 stækkun á gróðurhúsi í Götum, mál nr. 16 tillaga að breytingu fyrir Heiðarbyggð í landi Ásatúns sem var samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu, mál nr. 17 deiliskipulag fyrir Ásgarð í Kerlingarfjöllum sem var samþykkt að auglýsa og leita umsagnar umsagnaraðila og mál nr. 18 nýtt lóðablað vegna íbúðarhúsalóðar úr landi Efra-Sels sem var vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla á máli nr. 7, stækkun á gróðurhúsi í landi Götum, breytt á þann veg að sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaða stækkun skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar, umsögn Veitustjórnar Hrunamannahrepps og gerðar verði ráðstafanir til að draga úr ljósmengun. Ennfremur er talið nauðsynlegt í framhaldinu að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Að öðru leyti samþykkir Hreppsnefnd ofangreind mál og fundargerðina.

Önnur mál:

17. Leit að nýjum sorpurðunarstað á Suðurlandi:

Oddviti kynnti erindi frá Sorpstöð Suðurlands þar sem óskað er eftir því að aðildarsveitarfélög SOS kanni hvort það séu svæði í viðkomandi sveitarfélögum sem gætu komið til greina sem urðunarstaður eða fyrir aðra starfssemi henni tengdri eins og umhæðslustöð o.fl.. Hreppsnefnd telur að í sveitarfélaginu séu ekki svæði sem henti sem urðunarstaðir fyrir sorp í því magni sem til þarf.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 435 stjórnarfundar 13. ágúst sl. Fundargerð lögð fram.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 122. stjórnarfundar 17. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 123. stjórnarfundar 24. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 192. stjórnarfundar frá 20. ágúst sl. Fundargerð lögð fram.
- e. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 52. fundar 20. júlí sl. Fundargerð lögð fram.
- f. Héraðsráð: Fundargerð 167. fundar 4. ágúst sl. Fundargerð lögð fram.
- g. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 294. stjórnarfundar 16. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.
- h. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 128. Stjórnarfundar 19. ágúst s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- i. Vegagerðaráttak landbúnaðarnefndar og gátlisti yfir ástand afréttarskála. Lagt fram til kynningar.
- j. Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytið: Tillögur um breytingar á gildandi lögum og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóð. Skýrsla á vef ráðuneytisins. Lagt fram til kynningar.
- k. Yfirlýsing Hrunamannahrepps vegna Heilsuþorps á Flúðum. Lagt fram til kynningar.
- l. Upplýsingar um styrk frá Vegagerðinni vegna afréttavega. Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu

- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Ársskýrsla 2009.
- n. Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 2009.
- o. Ársskýrsla Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi 2009.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.00